

## Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 26.3.2020

Fjarfundur

kl. 18:00

Mætt: Bergþóra Höskuldsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Eva Björk Káradóttir, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Björgvin Sigurðsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### 1. Ferðasjóður ÍSÍ

Völsungur sótti um í ferðasjóð ÍSÍ vegna ársins 2019. Umsókninni var skilað inn 13. janúar. Umsóknin hljóðaði uppá 7.698.866 kr og hlaut Völsungur 3.728.193 kr sem skiptast með eftirfarandi hætti niður á deildir:

Flokkur	styrk upphæð
Knattspyrna mfl og 2. fl	1.835.922
Knattspyrna Yngri flokkar	1.019.714
Blak mfl	559.421
Blak yngri flokkar	99.473
Boccia	213.663
	<b>3.728.193</b>

*Greitt verður til deilda samkvæmt úthlutun ÍSÍ.*

### 2. Samanteknar æfingar og viðburðir sem verða ekki sökum samkomubans hjá Völsungi

Samkomubann Völsungs hefur áhrif á 104 skipulagðar æfingar innan félagsins og um leið rétt ríflega 600 iðkendur. Þarf fyrir utan eru vorin mikilvægur fjáröflunartím fyrir starf félagsins og nú þegar er búið að fresta og hætta við fjölda viðburða sem hafa skilað félaginu mikilvægum tekjum.

#### Æfingar á viku hjá Völsungi

	mánudagar	þriðjudagar	miðvikudaga	fimmtudagar	föstudagar	laugardagar	sunnudagar	Samtals	iðkenda fjöldi	athugasemd
Knattspyrna yngri flokkar	6	10	5	6	9			36	180	
Knattspyrna meistaraflokkar	2	2		2	2	2	2	12	60	
Fimleikar	2		3		2			7	31	
Sund	1		1	1				3	21	
TaeKwonDo		1	1	1	2			5	19	
Krakkablak	2	1	3	3	1			10	43	
MFL blak	2	2		1	1			6	8	
Öldungablak	2		2					4	15	
Handbolti	2		2	1				5	20	
Boccia fatlaðir		1		1				2	20	
Boccia aldraðir	2	2	2	2	2			10	35	
Almenningsíþróttir										
- lyftingahópur	ekki skipulagðar æfingar. En aðstaða sem hópurinn hafði græjað sér er lokað							0		Búið að loka aðstöðu
- Íþróttaskóli						1		1	32	
- Hlaupahópur		1				1		2	10	Halda áfram að hlaupa einir
- Hjólahópur	starfið fer að mestu fram yfir sumartímam							0		
Skiðaganga	Engar skipulagðar æfingar - áfram verður troðið og í boði að fara á gönguskiði							0	80	
Gönguhópur eldri borgarar				1				1	35	
Samtals	21	20	19	19	19	4	2	104	609	

*Aðalstjórn leggur áherslu á að deildir reyni að halda starfi sínu gangandi í formi heimaæfinga og þrauta og haldi þannig iðkendum virkum.*

### **3. Íþróttafélög móta framtíðina með KPMG - Sóknarfæri íþróttafélaga**

Stjórnendur íþróttafélaga standa frammi fyrir margvíslegum áskorunum og tækifærum sem tengjast kynslóða- og tæknibreytingum, vaxandi kostnaði og auknum kröfum iðkenda, forráðamanna og samfélagsins til félaganna. Ávinningur fyrir íþróttafélög eru skýr stefna, markvissar aðgerðir, hagnýt ráð, virk þátttaka og sjálfbær þróun.

KPMG setti sig í samband við íþróttafélagið og óskaði eftir að fá að kynna sýnar hugmyndir fyrir stjórn félagsins.

*Aðalstjórn Völsungs mun hitta forsmvarsmenn KPMG á fundi þriðjudaginn 31. mars þar sem hugmyndir fyrirtækisins verða kynntar.*

### **4. Fundargerð B&U frá 18.3.2020**

Fundargerð barna- og unglingaráðs frá 18.3.2020

*Lögð fram*

### **5. Covid 19**

*Ljóst er að Covid 19 er þegar farið að hafa mikil áhrif á starf íþróttafélagsins. Nú þegar hafa allar skipulagðar æfingar verið felldar niður. Íþróttafélagið er með 104 skipulagðar æfingar í viku og hefur þetta áhrif á ríflega 600 iðkendum. Ein mesta áskorun félagsins um þessar mundir er að halda starfinu gangandi og iðkendum virkum. Nýta tímann til að skipuleggja starfið og tryggja að það geti hafist með eðlilegum hætti um leið og stjórnvöld veita heimild til þess.*

*Einnig á eftir að koma í ljós hvert fjárhagslegt tjón félagsins verður en Völsungur, eins og önnur félög, er rekinn á öflugum samstarfi við fyrirtæki. Nú þegar hefur Covid 19 haft veruleg áhrif á efnahagslífið og mun því teiknast upp nýr veruleiki nú á seinni hluta árs en búist hafði verið við þegar fjárhagsáætlana vinnan var í gangi undir lok árs 2019. Næstu dagar og vikur munu fara í að meta hver áhrifin verða og uppfæra fjárhagsáætlanir í samræmi við það.*

**Fundi slitið: 18:45**